



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir skotvöll í Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotfélag Reykjavíkur.

Heimilisfang: Engjavegur 6

Póstnúmer: 104

Kennitala: 600269-2919

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2026

Gildir til: 31. desember 2028

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Sértekum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2026



Starfsleyfisaskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, kt: 600269-2919 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisaskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisaskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 31. desember 2028. Fyrirvari er settur varðandi breytingu á gildistíma vegna framkvæmda við Sundabraut sem hefðu áhrif á athafnasvæði félagsins og breytinga á skipulagslegum forsendum vegna framkvæmdarinnar s.s. ef skilgreindri landnotkun væri breytt í skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisaskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisaskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýhögglum og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.
- 2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.
- 2.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons). Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili er skyldur að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Rekstraraðili skal beina því til notenda vallarins að nota haglaskot með 24 gramma hleðslu við æfingar. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með að notendur fari eftir tilmælunum. Rekstraraðili skal hafa sýnilega tilkynningu til notenda með upplýsingum um haglagerðir með lægra hljóðstig.
- 3.3 Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri o.fl. Heimilt að nota riffla án hljóðdeyfa í þeim skotgreinum sem alþjóðareglur kveða svo á um.
- 3.4 Huga skal að skotstefnu, að teknu tilliti til reglna um alþjóðlegt mótahald, þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.5 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun útbúa áætlun um vöktun hávaða frá starfseminni að fengnum leiðbeiningum Umhverfistofnunar- og orkustofnunar. Vöktunaráætlun verður endurskoðuð reglulega.
- 3.6 Rekstraraðili skal í samráði við Heilbrigðiseftirlitið vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins.

4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Skotæfingar fyrir haglaskotfimi: Þriðjudagar, miðvikudagar og fimmtudagar frá kl. 12-21 og á laugardögum, frá kl. 10-17.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 4.1.2 Skotæfingar fyrir riffilskotfimi: Þriðjudagar, miðvikudagar og fimmtudagar frá kl. 10-21 og á laugardögum, frá kl. 10-17.
 - 4.1.3 Einnig má stunda skotæfingar fyrir riffilskotfimi á föstudögum frá kl. 10-21. Skyld er að nota hljóðdeyfi við æfingar á þessum tíma.
 - 4.1.4 Heimilt er að halda allt að skotkeppnir utan hefðbundins opnunartíma á allt að átta helgum á tímabilinu maí. til september. Heimill skottími á keppnum er frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Mest er heimilt að halda tvær keppnir í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir sem haldnar eru utan hefðbundins æfingatíma, til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara. Rekstraraðili skal hafa samráð við SKOTREYN um mótahald þannig að félögin haldi ekki skotkeppnir á fleiri en tveimur helgum í hverjum mánuði samanlagt. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir. Ekki þarf að tilkynna sérstaklega um skotkeppnir sem haldnar eru innan opnunartíma sbr. gr. 4.1.1, 4.1.2 og 4.1.3.
 - 4.1.5 Í þeim tilfellum þegar haglabyssuskotkeppni fer fram á sunnudegi eru skotæfingar fyrir riffilskotfimi heimilar samhliða.
 - 4.1.6 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
- 4.2 Ítrekuð brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað takmörkun á starfsemi eða stöðvun hennar sbr. heimild í 63. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. Umhverfi og umgengni

- 5.1 Rekstraraðili skal stuðla að því og beina til notenda að umgengni sé snyrtileg, notendur hirði úrgang eftir sig og flokki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og gildandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg hverju sinni.
- 5.2 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skoðhylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 5.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skoðhylki.
- 5.4 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað rannsókn á mengun frá starfseminni sbr. ákvæði í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg, við rannsóknir skal fylgja leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar.

6. Skráningar

- 6.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 6.1.1 Hvenær æfingar og skotmót fara fram á vellinum.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 6.1.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
- 6.1.3 Fjöldi rífilskota sem innihalda blý á ári.
- 6.1.4 Kvartanir sem honum berast vegna hávaða eða annars ónæðis og úrvinnsla kvartana.
- 6.1.5 Niðurstöður eftirlits með stærð skothleðsla sbr. grein 3.2.
- 6.2 Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila þegar þeirra er óskað.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.
- 7.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun vinna frummat á mengun í jarðvegi í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi. Gefi niðurstöður frummats tilefni til ber rekstraraðila, viðlok starfsemi, láta vinna áhættugreiningu sbr. 10. gr. rg. nr. 1400/2020 fyrir áhrifasvæði starfseminnar ásamt tillögum að aðgerðum til hreinsunar í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar.

Guðjón Ingi Eggertsson

Frá: Haraldur Sigurðsson
Sent: þriðjudagur, 26. maí 2026 08:53
Til: USK Skipulag
Afrit: Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar; Guðjón Ingi Eggertsson; Rúnar Grímsson
Efni: Re: HER-202604-7521:

Flokkar: Tracked To Dynamics 365

Góðan daginn

Forsendur aðalskipulags hafa ekki breyst neitt og fyrri umsögn getur staðið óbreytt, þ.e. heimilt verði að endurnýja/gefa út nýtt leyfi til loka árs 2028

Mbk. HS



Haraldur Sigurðsson

Deildarstjóri aðalskipulags og húsnæðisáætlana

411-1111

Umhverfis-og skipulagssvið
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

Frá: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
Sent: föstudagur, 22. maí 2026 15:32
Til: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Afrit: Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar <Birgitta.Rut.Skulad.Hjorvar@reykjavik.is>
Efni: Fs: HER-202604-7521:

Sæll,

Getur þú svarað þessu?

bk

Frá: Rúnar Grímsson <Runar.Grimsson@reykjavik.is>
Sent: föstudagur, 22. maí 2026 13:31
Til: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
Afrit: Guðjón Ingi Eggertsson <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>; Snædís Karlsdóttir Bergmann <snaedis.karlsdottir.bergmann@reykjavik.is>
Efni: HER-202604-7521:

Góðan dag

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er að vinna að umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur vegna skotvallar á Álfsnesi. Meðfylgjandi er umsögn sem að barst frá Skipulagsfulltrúa 05.09.2024.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur biður um afstöðu Skrifstofu skipulags- og byggingarmála hvort að umsögnin sé enn í gildi eða hvort að það þurfi að uppfæra umsögnina á einhvern hátt. Þá kemur fram í umsögn að lagt er til að heimilt verði að gefa út starfsleyfi til loka árs 2028, er það ennþá hæfilegur gildistími? Ef svo er ekki er óskað eftir tillögu að nýjum gildistíma.

með kveðju,

Rúnar Grímsson

Heilbrigðisfulltrúi



Sími: +354 411 1111

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartúni 12

105 Reykjavík

heilbrigdiseftirlit.reykjavik.is

Reglur um trúnað í

tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



Regnbogavottun

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>



Reykjavík, 11. ágúst 2026
USK26060031

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Guðmundur Kr. Gíslason

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Víðinesvegur 20

Merking: Landeignanúmer: 125650, merking: 0101 og 0201

Starfsemi: Skotæfingarsvæði

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir skotæfingarsvæði að Víðinesvegi 20, landeignanúmer 125650, 0101 og 0201.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 22.03.2005 (BN031134) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Lokaúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags 8. nóvember 2022.

Lagt er til að heimilað verði að gefa út starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur til loka árs 2028 samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Ef húsnæðið uppfyllir ekki kröfur Heilbrigðiseftirlits fyrir fyrirhugaðri starfsemi þá skal sækja um þær breytingar sem þarf að gera á húsnæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. byggingarfulltrúa
Harpa Dögg Hjartardóttir
Umhverfis- og skipulagssvið



HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík - Sími 411 1111

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit - heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is

Umsókn um starfsleyfi

- | | | | |
|--|---|---|---|
| ☐ Ný starfsemi | ☐ Nýskráning | ☐ Eigendaskipti | ☒ Endurnýjun leyfis |
| ☐ Flutningur í nýtt húsnæði | ☐ Breytingar á húsnæði | ☐ Breytingar á starfsemi | ☐ Tímabundið leyfi |

Nafn fyrirtækis: Skotfélag Reykjavíkur

Nafnið á fyrirtækinu eins og það er skráð í símaskrá

Aðsetur: Álfsnesi

Heimilisfangið þar sem starfsemin er eða verður

Póstnúmer: 116

Póstnúmer aðseturs

Sími: [REDACTED] tfang: sr@sr.is

Heimasíða: www.sr.is

Nafn rekstraraðila: Skotfélag Reykjavíkur

Lögaðili eða einstaklingur

Kt.: 600269-2919

Lögheimili rekstraraðila: Íþróttamiðstöðin í Laugardal, Engjavegi 6

Póstnr.: 104

Póstnúmer lögheimilis

Tegund rekstrar og framleiðslu: Æfingaaðstaða fyrir skotíþróttir

sjá einnig bakhlið.

Nafn forsvarsmanns: [REDACTED]

kt.: [REDACTED]

Heimili: [REDACTED]

Sími: [REDACTED]

Starfsemi hefst: Við útgáfu starfsleyfis Áætluð lok starfsemi: 1.1.2100

Fyrirvarsmaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð svo og önnur lög og reglur er starfseminna varða.

Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á húsnæði, framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Reykjavík, 31.júlí 2024

Staður og dagsetning


Skotfélag Reykjavíkur
Undirskrift forsvarsmanns

Eigandi fasteignar: Reykjavíkurborg kt.:

Fastanúmer fasteignar:

Skráð einnig rýmisnúmer þar sem starfsemin er ef það eru mörg rýmisnúmer innan fasteignar

Staður og dagsetning

Undirskrift eiganda fasteignar

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, njóta kröfur vegna starfsleyfis, eftirlits og kostnaðar af aðgerðum heilbrigðisnefnda, lögveðs í viðkomandi fasteign, sbr. 12., 25. og 27. gr. nefndra laga.

Umsókn móttækin:

Afgreiðsla heilbrigðisnefndar:

Númer leyfis:

Gjald.fl. Starfsemisflokkur: Samþykkt húsnæði Innra eftirlit:

Færa viðbótarupplýsingar á baksíðu >

Viðbótarupplýsingar

Mengandi-og hollustuháttastarfsemi: Lýsa nánar starfsemi eftir því sem við á; myndun og losun mengandi efna í umhverfi, flokkun og skilum úrgangs- og spilliefna, losun í fráveitu. Gera grein fyrir mengunarvörnum við fráveitu (olíu- og fitugildrum), skilgreina og lýsa loftræsingu, mótvægisáðgerðum vegna hávaða, öryggismálum o.s.frv. Gera skal grein fyrir innra eftirliti fyrirtækis sjá nánar hér að neðan varðandi matvælastarfsemi og athugið að ofangreind atriði eiga mörg hver einnig við matvælafyrirtæki

Fyrirkomulag ípróttastarfsins er óbreytt frá opnun svæðisins.

Greinargerð sú er send var inn fyrir útgáfu síðasta starfsleyfis er í fullu gildi

Sú greinargerð liggur fyrir hjá embættinu. Meðfylgjandi er viðbótargreinargerð

Félagið telur sig ekki þurfa að greiða gjöld vegna umsóknarinnar þar sem félagið hefu greitt gjöld vegna fyrri leyfa en þau felld úr gildi af ástæðum sem varða Reykjavíkurborg þ.e. aðalskipulagi Reykjavíkur.

Netfang félagsins er: sr@sr.is

Matvælastarfsemi:

Eðli starfseminnar

- ☐ Eingöngu matvælasnertiefni
- ☐ Engin meðhöndlun óvarinna matvæla á staðnum
- ☐ Forpökkuð matvæli (engin meðhöndlun óvarinna matvæla eða eldun)
- ☐ Áhættulítilmatvæli (s.s. grænmeti/ávextir) meðhöndluð eða elduð
- ☐ Viðkvæm matvæli (s.s. mjólkurvörur, fiskur, kjöt, fuglakjöt) meðhöndluð eða elduð

Búnaðargerðir

- ☐ Frítt standandi handlaug með handfrjálsum blöndunartækjum á hverju vinnslusvæði og í afgangi
- ☐ Matvælavaskur (fjöldi: __)
- ☐ Tækja- og áhaldavaskur
- ☐ Borðbúnaðarvaskur
- ☐ Eingöngu einnota borðbúnaður
- ☐ Margnota borðbúnaður

Búnaður

- ☐ Eldunarbúnaður
- ☐ Háfur og loftræsting frá honum (vélræn)
- ☐ Kælir (ar)
- ☐ Frystir (ar)
- ☐ Uppþvottavél
- ☐ Annað

Gera grein fyrir í fylgiskjali

Starfsmannaaðstaða

- ☐ Fataskiptaaðstaða með læsanlegum skápum fyrir yfirhafnir og persónulega muni starfsfólk
- ☐ Starfsmannasnyrting
- ☐ Kaffistofa með kaffivaski

Ræstiaðstaða

- ☐ Lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug
- ☐ Sérstök lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug fyrir eldhús

Matvælaöryggiskerfi (Innra eftirlit)

- 📖 Einfalt innra eftirlit, Fl. 1
- 📖 Innra eftirlit , Fl. 2
- 📖 Innra eftirlit með HACCP, Fl. 3



Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 – 104 Reykjavík

Skotsvæði Álfnesi og Egilshöll

S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartúni 12
105 Reykjavík
b.t. Heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 31.júlí 2024

Greinargerð vegna umsóknar um endurnýjun starfsleyfis félagsins vegna skotsvæðis á Álfnesi

Þetta bréf er fylgiskjal með umsókn Skotfélags Reykjavíkur í dag, þar sem óskað er endurnýjunar starfsleyfis til rekstrar skotvallar félgsins á Álfnesi.

LÝSING Á STARFSEMINNI:

Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, stofnað þann 2.júní 1867. Fyrsta æfingasvæði félagsins var þar sem Skothúsvegur stendur í dag. Félagsmenn þess eru í dag um 1,700 talsins en þess má geta að iðkendur á landsvísu í skotíþróttum eru yfir 6,000.

Félagið heldur úti íþróttavöllum í skotfimi á Álfnesi. Félagið fékk því svæði úthlutað af Reykjavíkurborg undir starfsemi sína á sínum tíma. Þar er um að ræða fjóra Ólympíska Skeet-skotvelli þar sem skotið er af haglabyssum. Keppt er í þeirri grein á Ólympíuleikum, Heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramótum, Norðurlandamótum og hinum ýmsu mótum út um allan heim. Þessir vellir eru vettvangur Smáþjóðaleika á Íslandi og var keppt á þeim á síðustu leikum hérlandis vorið 2015. Vellirnir voru grafnir niður á klöpp og manir reistar utan um þá til að draga úr hljóðbylgjum sem gætu borist í næsta nágrenni.

Eins er keppt í riffil-og skammbysugreinum á riffilvelli félagsins á sama stað. Þar er um að ræða 300 metra langan skotvöll með mjög öflugum skothúsi þar sem skotstæði eru fyrir 18 keppendur á sama tíma. Þar eru einnig skotbattar á 25, 50, 100, 200 og 300 metra færum. Riffilvöllurinn er niðurgrafinn á klöppina og voru reistar hljóðmanir utan um hann til að hámarka öryggi innan vallarins. Eins eru þær að grípa skothvöllina mjög vel.

Áætlað var að efni það sem flutt var á skotsvæðið þegar það var byggt nemi rösklega 350 þúsund rúmmetrum og var það allt notað til að byggja svæðið þannig upp að um varanlega staðsetningu væri að ræða.

Keppnir á svæðinu fara fram á ýmsum tímum. Mót sem eru viðurkennd af Skotíþróttasambandi Íslands eru flest haldin frá miðjum apríl og frammí miðjan september. Keppt er oftast bæði laugardag og sunnudag á tímanum 10-18 ásamt föstudegi sem er lögbundinn æfingadagur.

Félagið sér einnig um og hefur þjálfaða prófdómara vegna hreindýraprófa sem Umhverfisstofun stendur fyrir árlega. Fara þau að jafnaði fram frá mars og fram í byrjun júlí. Próftakar æfa sig á svæðinu og fara svo þegar þeir eru tilbúnir í próf í meðhöndlun og hittni með rifflum, áður en þeim er útlhutað leyfi af Umhverfisstofnun til veiða á hreindýrum. Árlega eru þetta um 400 manns sem fara í gegnum þetta ferli.

Einnig sér félagið um skotvopnánámskeið Lögreglunnar og Umhverfisstofnunar. Er þar um að ræða námskeið og próf þegar einstaklingar eru að fá skotvopnaleyfi í fyrsta skipti. Þau námskeið fara fram í maí/júní og síðan í ágúst, september og október. Árlega eru það um 600 manns sem fara í gegnum þetta ferli á svæði félagsins á Alfsnesi.

Opnunartímar á svæðinu eru mikið háðir veðráttu og birtu. Norðaustanáttir eru t.d. mjög skæðar þarna og því margoft lokað vegna veðurs. Á sumrin frá maí og og út september hefur verið opið 3- 4 virka daga og á laugardögum. Virka daga yfirleitt á tímanum 17:30 til 21:00 og á laugardögum kl. 10:00 til 17:00. Á þessum tímum erum við með starfsmenn sem sinna gestum og félagsmönnum. Við höfum tekið á móti iðkendum úr öllum félögum og haft það opið fyrir almenning á opnunartíma.

Yfir vetrartímann hefur aðeins verið opið á laugardögum frá kl.12:00 og til 16:00 eða einsog birta leyfir. Vetrartíminn er hins vegar mjög erfiður á svæðinu og margoft verið lokað vegna veðurs.

Á svæðinu er félagsheimili með salernis aðstöðu. Ennfremur aðstaða til fundarhalda og kennslu. Ríffilhús með 18 skotborðum. Haglabyssuhús undir kastvélar eru 11 talsins.

LEIRDÚFUR OG SKOT:

Notkun á leirskífum á svæðinu var árið 2019 alls 175,000 stk en árið áður voru þær 150,000 stk. Þær eru af gerðinni CCI og hafa eingöngu verið keyptar af versluninni Hlað í Reykjavík. Þetta eru einhverjar algengustu leirdúfur í Evrópu og eru notaðar á flestum stærstu skotvöllum álfunnar. Ekki þykir ástæða til að fjarlægja leirdúfubrot af svæðinu enda eru þau á afmörkuðum svæðum þess og mynda þar undirlag næstu áratuga.

Haglaskotin sem eru leyfð á svæðinu innihalda að hámarki haglastærð nr.7,5 sem er að þvermáli 2,5mm.

Í haglabyssugreininni Skeet sem langflestir stunda á okkar svæði, er aðeins heimilt að nota 24 gramma hleðslu og hafa blýhögl verið bönnuð frá ársbyrjun 2021 á svæði Skotfélags Reykjavíkur.

LOSUN EFNA OG HLJÓÐVIST:

Losun efna er fólgin í kúlum úr skotfærum. Á haglavelli er nánast alfarið um stálhögl að ræða sem liggja í jarðveginum. Eins og áður sagði hafa blýhögl verið bönnuð frá ársbyrjun 2021.

Leirdúfubrot liggja þar einnig og eru ekki að menga neitt út frá sér. Patrónur eru hirtar og eins forhlöð, en þau eru úr plastefnum. Þeim er safnað í gám sem TERRA Umhverfispjónusta losar reglulega hjá okkur. Eins er pappambúðum utan af skotum og leirdúfum safnað í gám frá sama aðila. Ríffilskot liggja í svokölluðum bakstoppum en það er uppbyggð mön með mól og jarðvegi.

Þar liggur blý og kopar úr skotunum óhreyft og hefur ekki staðið til að fjarlægja næstu árin, enda ekki talin þörf á því.

Hljóðvistin er innan allra heilsumarka og var það mælt gaumgæfilega af Heilbrigðiseftirliti á sínum tíma og sjáum við ekki að það hafi nokkuð breyst. Frekar ætti hljóðvist að hafa batnað til muna þar sem fyrir 2 árum voru hljóðdeyfar leyfðir á veiðiríffla og áætla má að hartnær 90 % stórra ríffla sé nú búinn slíkum búnaði.

UMHVERFI:

Í norðri er Kollafjörðurinn og skotátt haglabyssuvallanna er í þá átt eða norð-austur einsog reglur Alþjóða Skotíþróttasambandsins kveða á um. Í vestur átt er úthafið en mönin við enda ríffilbrautarinnar er um 7-8 metra há til að hindra að skot fari á haf út. Í suðri er mótórhjólabraut og urðunarstaður Sorpu með þeirri

lyktar- og jarðvegsmengun sem fylgir slíkri starfsemi. Í austri er svæði Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis.

Vegurinn inná svæðið kemur úr austri og var hann bundinn slitlagi fyrir Smáþjóðaleikana árið 2015. Svæðið er umlukið girðingu sem Reykjavíkurborg setti niður og sinnir með viðhaldi.

ANNAD:

Við teljum að setja eigi sömu skilyrði og sett voru í síðasta starfsleyfi sem felld var úr gildi. Ekki ætti að vera þörf á frekari takmörkunum enda sýndu hljóðmælingar HER að hávaði frá svæði félagsins fór aldrei yfir reglugerðarmörk um hávaða.

Vildum ennfremur gera eftirtaldir athugasemdir við þau skilyrði sem sett eru fram í skipulagsbreytingunni:

Í kafla 10. Opin svæði til sérstakra nota, verður eftirfarandi bætt við lista yfir íþróttasvæði (ÍÞ), (bls. 105):

„ÍÞ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisaðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:

SR: Við ítrekum tillögu okkar um að við þennan lið bætist ... ***en þó er heimilt að framlengja starfsleyfið ef niðurstaða er ekki komin í vinnu við að finna og setja upp nýtt skotsvæði.***

Eins minnum við á að dráttur hefur orðið á afgreiðslu Aðalskipulags sem hefur haft í för með sér lengri lokun og því kannski sanngjarnt að í stað 2028 komi 2029/2030 til vara.

1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.

SR: Við leggjum til að opnunartími verði:

kl. 10-21 miðvikudag, fimmtudag og föstudag

kl. 10-16 laugardaga

kl. 10-16 sunnudaga

kl. 10-21 leyfður opnunartími í ríffilskýli alla daga vikunnar með rífflum búnum HLJÓÐDEYFUM.

Virku dagana yrði aðalopnunartíminn kl. 16-21 en fyrri dagpartar notaðir fyrir æfingar keppnisfólks, æfingatíma lögreglu og önnur tilfallandi verkefni.

Einsog opnunartíma var háttað í fyrra starfsleyfi, þar sem loka þurfti kl. 19 virka daga nýttist sá tími illa venjulegu launafólki vegna fjarlægðar frá miðju borgarinnar og gífurlegs umferðarþunga á þeim tíma. Vinnutíma lýkur iðulega um kl. 16-18 og er þá eftir tími til að sækja búnað á heimili og síðan akstur á Álfsnes. Byssur þurfa að geymast í öryggisskápum og því geymir þær enginn á vinnustað.

Mótahald er bundið ákveðnum skilyrðum settum í alþjóðareglur og er því nauðsynlegt að félagið getið tekið **3ja daga mót** með æfingadegi þannig að opnun er föstudag kl. 12-21, laugardag og sunnudag kl. 10-18. Árlega reiknum við með að halda 5-6 slík mót enda stærsta skotíþróttasvæði landsins og ígildi Landsvallar.

2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.

SR: Við tökum vel í þetta en þörfumst aðstoðar hljóðsérfræðinga til að koma með raunhæfar tillögur að lausn á einangrun í skotskýlið. Við hljóðmælingar hefur hljóðmengun úr riffilskýli verið afar lítil en okkur er tjáð að við að einangra skýlið gæti þurft að taka upp hitun þess, sem yrði afar kostnaðarsamt.

3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.

SR: Hljóðdeyfar eru nú þegar notaðir af flestum veiðimönnum sem stunda æfingar hjá okkur. Keppnisgreinar í riffilskotfimi leyfa samt yfirleitt ekki notkun þeirra. Í tengslum við þetta ákvæði þyrfti einnig að fá breytingu á reglugerð um hljóðdeyfa á cal.22lr riffla sem ekki eru leyfðir í dag.

4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreytnar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.

SR: Skotstefnur í íþróttaskotfimi eru festar í lög íþróttahreyfingarinnar og uppfyllir svæði SR á Álfsnesi þær kröfur í haglabyssuskotfimi en riffilskýlinu var snúið til vesturs vegna landnýtingar.

5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.

SR: Félagið er þegar búíð að gera ráðstafanir sem gerðar voru við uppbyggingu svæðisins, þar sem gríðarlegu magni af jarðvegi var ýtt uppí ca. 7 metra háar manir við bæði haglavelli sem og við riffilvöllinn. Ef fjármagn fæst þarf að hækka þessar manir verulega þar sem jarðvegur hefur sigið talsvert frá opnun þess.

6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með siritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.

SR: Við erum tilbúin til samstarfs við hljóðmælingar, einsog ávallt áður, með því að útvega til þess byssur og skot eftir nánara samkomulagi við framkvæmdaaðila. Notkun býhagla hefur verið bönnuð í mörg ár og notkun býhagla síðasta áratuginn nánast engin, af ástæðum sem margoft hafa verið tíundaðar.

7) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.

SR: Blýlaus riffilskot eru ekki til í cal.22lr skotum en til eru rándýr blýlaus riffilskot sem eingöngu eru notuð við veiðar á stuttum færum á stærri spendýrum. Riffilskot eru því ekki fáanleg til íþróttaskotfimi án blýs en þau eru ávallt klædd með kopar.

8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).

SR: Allar leirdúfur uppfylla þessi skilyrði er okkur tjáð af framleiðendum þeirra.

9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin

SR: Við teljum óþarfa að hreinsa svæðið nema einu sinni á ári. Hvað varðar hreinsun á höglum er það nánast óframkvæmanlegt nema með jarðvegsskiptum. Eins þarf að finna framkvæmdaaðila sem getur tekið að sér slíka hreinsun sem hér er farið fram á. Félagið okkar er sjálfboðaliðadrifið íþróttafélag með ákaflega litla fjárhagslega getu til að standa að slíkri hreinsun.

10) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

SR: Hér á það sama við og við nefnum undir lið 9.

11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

SR: Okkur er ekki ljóst hvað felst í þessari kröfu á félagið. Reykjavíkurborg hlýtur að koma að þessu atriði og sinna þeim verkefnum sem lúta að þessum lið.

Virðingarfyllst,

f.h.stjórnar Skotfélags Reykjavíkur

Guðmundur Kr. Gíslason

Framkvæmdastjóri

 Skotfélag Reykjavíkur





Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 – 104 Reykjavík
Skotsvæði Alfsnesi og Egilshöll

S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 12.maí 2026

Vegna fyrirbyggjandi umsóknar um starfsleyfi

Hér koma enn frekari útskýringar á þeim viðbótartillögum sem við viljum bæta við:

Mótvægisáðgerðir

Til að uppfylla skilyrði í aðalskipulagi eru hér upp taldar þær mótvægisáðgerðir sem skotfélagið hefur gripið til og hefur áætlanir um. Félagið bendir þó á að hávaði frá svæðinu er undir öllum viðmiðum samkvæmt mælingum.

1. Skotgerðir

Hávaði frá æfingaskotum er mismikill. Verði notkun æfingasvæðisins takmörkuð við lágværustu skotagerðirnar má gera ráð fyrir að hljóðstigið lækki um 1-2 dB.

• Á haglavöllum:

- Við munum krefjast þess af skotfólki að nota aðeins 24 gramma hleðslur frekar en 28 gramma. Munurinn á hávaða milli þeirra er mjög lítill en gæti samt legið á bilinu 1 til 3 dB samkvæmt okkar vitneskju.
- Við munum auglýsa það á vefsvæðum okkar ásamt því að starfsfólk okkar mun fylgja því eftir að skotfólk leitist við að nota skot sem uppfylla þær kröfur að vera hljóðminni. Þar sem við erum ávallt með starfsfólk á staðnum þegar opið er, er hægt að fylgja þessu fast eftir.

▪ Dæmi: TILKYNNING:

- Á haglavöllum eru einungis leyfð 24 gramma skot með 2,5mm þvermál hið mesta. Á mótum í Compak Sporting eru þó leyfð 28 gramma skot með mest 2,5mm þvermál.
- Haglaskot sem innihalda blý eru ekki leyfð.
- Haglagerðir sem uppfylla skilyrði um lægra hljóðstig eru: *tegundir verða hér upptaldar.....þetta verður lifandi þar sem bætt verður inn skotgerðum sem uppfylla kröfur..*

- **Á ríffílvelli:**

- Við munum krefjast þess af skotfólki að High Velocity (cal.22lr HiVel) skot séu ekki notuð, en erfitt að setja einhverja eina skýra línu um skotagerðir, kaliber, byssugerðir oþh. Verður þetta líklega best leyst með notkun hljóðdeyfa.
- Eins verði hvatt til eða gert að skyldu að á almennum æfingum verði að nota hljóðdeyfa á stóra ríffla.
- Þarf að fá breytingu á reglugerð hjá Dómsmálaráðuneyti svo hljóðdeyfar fyrir randkveikt (cal.22lr) skot verði einnig leyfðir. Sú vinna er þegar í gangi og verður það tekið upp við Dómsmálaráðuneytið.
- Við munum því fylgja því eftir á vefsvæðum okkar og eins verður starfsfólk okkar með þá skyldu að fylgjast með þessu og leiðbeina skotfólki.
- Lagður var dúkur (tartan-efni) á gólfíð í skýlinu með þann tilgang að draga úr hljóðmengun í skýlinu og hefur það tekist mjög vel.

- **Dæmi: TILKYNNING**

- Á almennum æfingum er skylda að nota hljóðdeyfa með stórum rífflum.
- Með cal.22 rífflum er mælt til notkunar með hljóðdeyfum (ekki komið almennt leyfi)
- Háhraða cal.22 skot eru ekki leyfð nema á sérstökum æfingum.

2. Tímatakmarkanir

Opnunartímar sem eru takmarkaðir og draga úr álagi nágranna vegna skothávaða.

- **Á haglavöllum:**

- Opnunartími verði:
 - Mánudaga lokað fyrir almennar æfingar
 - Þriðjudaga lokað fyrir almennar æfingar
 - Miðvikudaga opið kl. 12-21
 - Fimmtudaga opið kl. 12-21
 - Föstudaga opið kl. 12-21
 - Laugardaga opið 10-16
 - Sunnudaga opið 12-16
 - Mótahald, 2 mót í mánuði, maí til sept, föstud-laugard-sunnudag opið kl.10-18 (rúmt vegna mótareglna)

- **Á ríffílvelli:**

- Opnunartími verði:
 - Alla daga fyrir ríffla með hljóðdeyfum opið kl. 10-21
 - Annars fylgja opnun á haglavöllum ef án hljóðdeyfa.

3. Hljóðmanir, skermar, skothæð

Hljóðmanir og skermar sem staðsettir geta dregið úr hávaða sem berst frá svæðinu. Hæð slíkra aðgerða skiptir mestu máli sem og nálægð við hávaðagjafa. Auka má áhrifin með skotvöllum sem liggja lægra í landslaginu (grafnir niður). Meta má nánar áhrif hljóðmana og skerma síðar þegar framtíðarstaðsetning skotvallarins verður ákveðin og framkvæmdir hefjast við Sundabraut.

- Hér er átt við hækkun á hljóðmönnum sem þegar eru til staðar en vinna þarf með aðkomu Reykjavíkurborgar, sem þegar hefur verið upplýst um það verkefni. Manirnar hafa sigið um 2-3 metra frá þær voru reistar fyrir opnun svæðisins árið 2008 og því ekki óeðlilegt að bæta þurfi við efni til að þær virki sem best. Rannsóknir sýna að ef 70 metrar eru í manir næst hljóðmengun niður um 25dB ef mön er 15 metra há. Ef mön er 9 metra há næst hljóðmengun niður um 13dB.
- Með tilkomu Sundabrautar verður unnið náið með framkvæmdaraðilum að frekari mótun svæðisins með tilliti til hljóðvarna.
- Ef bætt yrði við skotvöllum mætti grafa þá meira niður og þannig auka enn á hljóðvarnir.
- Þessi atriði eru öll til umfjöllunar og mun ákvarðanatoka verða á vegum Reykjavíkurborgar en það samtal er þegar hafið.

F.h.stjórnar Skotfélags Reykjavíkur,

Guðmundur Kr. Gíslason
Framkvstj.





Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 – 104 Reykjavík
Skotsvæði Alfsnesi og Egilshöll

S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 20.apríl 2026

Vegna fyrirbyggjandi umsóknar um starfsleyfi

Vegna fyrirbyggjandi umsóknar félagsins um nýtt starfsleyfi því til handa vildum við hér með koma á framfæri aðgerðum til að uppfylla skilyrði sem á vantar.

Mótvægisáðgerðir

Til að uppfylla skilyrði í aðalskipulagi eru hér upp taldar þær mótvægisáðgerðir sem skotfélagið hefur gripið til og hefur áætlanir um. Félagið bendir þó á að hávaði frá svæðinu er undir öllum viðmiðum samkvæmt mælingum.

1. Skotgerðir

Hávaði frá æfingaskotum er mismikill. Verði notkun æfingasvæðisins takmörkuð við lágværustu skotgerðirnar má gera ráð fyrir að hljóðstigið lækki um 1-2 dB.

2. Tímatakmarkanir

Opnunartímar sem eru takmarkaðir og draga úr álagi nágranna vegna skothávaða.

3. Hljóðmanir, skermar, skothæð

Hljóðmanir og skermar sem staðsettir geta dregið úr hávaða sem berst frá svæðinu. Hæð slíkra aðgerða skiptir mestu máli sem og nálægð við hávaðagjafa. Auka má áhrifin með skotvöllum sem liggja lægra í landslaginu (grafnir niður). Meta má nánar áhrif hljóðmana og skerma síðar þegar framtíðarstaðsetning skotvallarins verður ákveðin og framkvæmdir hefjast við Sundabraut.

F.h.stjórnar Skotfélags Reykjavíkur,

Guðmundur Kr. Gíslason
Framkvstj.





Skotfélag Reykjavíkur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

Skotsvæði Álfnsesi og Egilshöll


S: 893 1231 Email: sr@sr.is Heimasíða: www.sr.is

Mat á áhrifum frá skotíþróttasvæði Skotfélags Reykjavíkur á nærliggjandi vatnshlot


Inngangur

Að beiðni Umhverfisstofnunar er hér lagt fram mat á áhrifum skotæfingasvæðis á Álfnsesi á nærliggjandi vatnshlot. Þetta mat tekur mið af umhverfismarkmiðum sem gilda um vatnshlot, sbr. Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála, nr. 36/2011. Fylgt er eftir leiðbeiningum um *mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot* sem gefnar voru út af Umhverfisstofnun í samnefndri skýrslu í desember 2024 og stuðnings skjali á Excel-sniði sem gefið var út samhliða.

Þau vatnshlot sem starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR hér eftir) gæti haft áhrif á eru annars vegar grunnvatnshlotið Leirvogsá (104-289-G) (mynd 1) og hins veger strandsjávvarhlotið Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C) (mynd 2), sem nær eins og nafnið bendir til í kringum höfuðborgarsvæðið frá Straumsvík í vestri til Kjalarness í norðri. Engin stöðuvatns- eða straumvatnshlot eru beintengd skotíþróttasvæðinu, né eru til staðar neysluvatnssvæði sem skotíþróttasvæðið getur haft áhrif á.



Mynd 1. Staðsetning skotíþróttasvæðis Skotfélags Reykjavíkur innan grunnvatnshlots nr. 104-289-G.



SR hefur rekið skotíþróttasvæði á Álfsnesi nær samfelldt frá árinu 2007 ef frá eru talin tímabil í kringum COVID og útgáfu starfsleyfa. Auk félagsaðstöðu eru annars vegar aðstaða fyrir æfingar með riffli og skammbyssu og hins vegar haglabyssuvellir. Riffilvöllurinn er 300 m langur með yfirbyggðu skotskýli þar sem skotið er af rifflum og skammbyssum á mismunandi löngum færum. Öll skot á riffilsvæði enda í sérútbúnu bakstoppi við enda vallarins. Af haglavöllum er skotið í átt að Kollafirði.

Yfirlit um vatnshlot

Grunnvatnshlotið Leirvogsá (104-289-G)

Samkvæmt vatnavefsjá (<https://vatnavefsja.vedur.is/>) eru umhverfismarkmið fyrir magnstöðu og efnafræðilegt ástand óskilgreind fyrir grunnvatnshlotið, auk þess sem bæði ástand og áhætta magnstöðu og efnafræði eru „Óþekkt“.

Fjölpætt starfssemi er stunduð innan grunnvatnshlotsins sem gæti haft áhrif á álag innan hlotsins og má þar nefna urðunarstað Sorpu í innan við kílómetra fjarlægð frá skotípróttasvæði SR, stór iðnaðar- og íbúðasvæði, auk þess sem landbúnaður er stundaður innan grunnvatnshlotsins. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir 2. áfanga Sundabrautar sem myndi teygja sig frá Geldinganesi og yfir á Gunnunes, áfram með Álfsnesinu og yfir á Kjalarnes um Kollafjörð.

Engin náttúruverndarsvæði, friðlýst svæði, eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar eru nálægt skotípróttasvæðinu samkvæmt kortasjám Náttúrufræðistofnunar (serstokvernd.ni.is) og Umhverfis- og orkustofnunar (kortasja.ust.is).

Strandsjavarhlotið Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C)

Umhverfismarkmið fyrir strandsjavarhlotið er að vistfræðilegt ástand þess sé „*Mjög gott*“ og hefur það verið flokkað sem slíkt (sjá nánar á <http://vatnavefsja.vedur.is>). Hins vegar er umhverfismarkmið fyrir efnafræðilegt ástand skilgreint sem „*Gott*“ en ástandið er enn óþekkt. Strandsjavarhlotið er ekki talið í hætti og er gert ráð fyrir að umhverfismarkmið náist.

Eins og gefur að skilja þegar strandsjavarhlot liggur í kringum höfuðborgarsvæðið er margskonar álag innan vatnshlotisins. Stór iðnaðarfyrirtæki hafa aðsetur innan hlotsins (t.d. álver, slippir, hafnarstarfsemi, þauleldi (t.d. svínabú), fiskvinnslur, fiskeldi og önnur matvælastarfsemi) og eru áhrif vegna þessarar starfsemi óþekkt. Sömuleiðis er óþekkt áhrif frá fráveitum frá Mosfellsbæ, Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, sem og skipasamgöngum og gömlum öskuhaugum og urðunarstað við Álfsnes. Til viðbótar er óþekkt vatnsformfræðilegt álag vegna mannvirkja (s.s. hafna og varnargarða) og vegasamgangna. Af þessum stöðum eru fæstir nálægt umræddu skotípróttasvæði ef frá er talinn urðunarstaður við Álfsnes og landeldi Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði þar sem frárennsli frá fyrirtækinu er leitt út í settjörn og þaðan út í Kollafjörð.

Nokkur verndarsvæði liggja innan vatnshlotsins, s.s. Bakkatjörn, Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði, Skerfajörður innan Garðabæjar og Gróttu sem allt eru svæði langt utan við mögulegt áhrifasvæði skotípróttasvæðis á Álfsnesi.

Mat á áhrifum frá starfsemi sem leyfi er sótt um fyrir

Eins og kom fram í inngangi felur starfsemi skotípróttasvæðis SR á Álfsnesi í sér skotæfingar á bæði ríffilvelli og haglavöllum. Möguleg áhrif á nærliggjandi vatnshlot eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða ríffilvöll eða haglavelli.

Áhrif á grunnvatnshlotið Leirvogsá

Engar borholur eða önnur nýting á grunnvatni, né niðurdæling, er fyrirhuguð í tengslum við starfsemina sem sótt er um í starfsleyfisumsókninni. Breyting á magnstöðu er því ekki fyrir hendi.

Rotþró er á svæðinu sem er tæmd reglulega.

Blý var áður notað í haglabyssuhögl sem dreifðust um haglabyssuvelli og náðu að einhverju leyti út að strönd Kollafjarðar. Um nokkurra ára skeið hefur notkun blýhagla verið bönnuð á haglabyssuvöllum eins og fyrra starfsleyfi krafðist. Ekki hefur því bæst við það blý sem þegar var komið á svæðið fyrir bannið.

Blý er notað í kúlur á ríffilvelli en þær enda í þar til gerðu bakstoppi sem rutt hefur verið upp við enda vallarins og sést á mynd 3.

Álag á grunnvatnshlotið vegna niðurbrots blýs er óþekkt en ólíklegt að það sé mikið enda er niðurbrot blýs við hefðbundnar náttúrulegar aðstæður hægt. Ef blýmengun næði niður í grunnvatn væri það mjög staðbundið og utan við alla nýtingu innan grunnvatnshlotsins. Þó að umhverfisáhrif fyrir efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins sé óþekkt er nær ómögulegt að fyrri og núverandi blýnotkun á svæðinu hefði áhrif á að vatnshlotið næði ekki skilgreindu umhverfismarkmiði ein og sér.

Áhrif á strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes

Öll skot á ríffilvelli enda í sérútbúnu bakkstoppi. Það er því nær útilokað að eitthvað efni berist niður í fjöru frá þessum velli og hafi áhrif á strandsjávarhlotið.

Á haglavöllum er ákveðin hætta á að högl berist niður í fjöru. Hins vegar er notkun blýs bönnuð á svæðinu, og því er ljóst að engin losun blýs mun eiga sér stað innan gildistíma starfsleyfis. Öll högl sem lenda í fjörunni eru úr öðrum, umhverfisvænni efnum sem eru ekki talin hafa skaðleg áhrif á vatnshlotið.

Í ljósi þessa eru áhrif frá áframhaldandi starfsemi SR á Álfsnesi talin vera hverfandi og ekki líkleg til að hafa mælanleg áhrif á vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand strandsjávarvatnshlotsins.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Ráðist var í helstu mótvægisáðgerð vegna blýmengunar fyrir nokkrum árum þegar blýhögl voru bönnuð á svæðinu.

Til að tryggja að áhrif skotíþróttasvæðisins á vatnshlot verði lágmörkuð, væri hægt að stunda mælingar á blýmagni og öðrum málum í jarðvegi/grunnvatni þar sem staðbundin mengun er líklegust. Ef magn blýs fer yfir viðmiðunarmörk, ætti að skoða mótvægisáðgerðir eins og hreinsun á jarðvegi eða setja upp síur í frárennsli.

Þessar mælingar væru væntanlega á ábyrgð Reykjavíkurborgar sem útvegar Skotfélagi Reykjavíkur svæðið til íþróttaiðkunar, enda hefur íþróttafélagið ekki burði til að standa að slíkum mælingum.

Niðurstaða

Í ljósi framangreindra upplýsinga er það mat lagt á að starfsemi skotíþróttasvæðisins á Álfsnesi hafi mjög takmörkuð áhrif á nærliggjandi grunnvatns- og strandsjávarvatnshlot. Ef nauðsyn krefur væri mögulegt að setja upp vöktun á svæðinu og fylgja eftir ofangreindum mótvægisáðgerðum til að tryggja að blýmengun verði ekki að umtalsverðu umhverfisvandamáli.

MINNISBLAÐ

Skotæfingasvæði – Ríffilhús

Hljóðvist innandyra

Verkkaupi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar v/ Ámundi V. Brynjólfsson

Samantekt:

Ómtími í ríffilhúsi er yfir ráðlögðum gildum.

Æskilegt er að hljóðisogsflötur rýmanna samsvari a.m.k. 20-30 % af flatarmáli rýmisins.

Taka þarf tillit til mögulegrar varmaeinangrunar og rakaþéttingar við val á útfærslu.

Verkefnanr: 73105-35

Skjal nr: AKU-02

Útgáfa: 0

Útgáfudags: 06.11.2025

Verkefnisstjóri: Halldór Júlíusson

Höfundur: Halldór Júlíusson

Rýni: Kristjana Erna Pálsdóttir, Verkís

Verkís verknr. 24168001

Verkpáttur: -

Útg.	Höfundur		Rýni		Aths.
	Nr:	Nafn:	Dags (eigin rýni)	Nafn	Dags.
0		Halldór K Júlíusson	30.10.2025	Kristjana Erna Pálsdóttir	06.11.2025
					Fyrsta útgáfa

IT arkiv: AKU-02 M 251029 Skotæfingasvæði Ríffilhús, hljóðvist

Efnisyfirlit:

1	Inngangur	3
2	Lýsing á aðstæðum	3
3	Viðmiðunargildi	4
4	Mælingar og úrbætur	4
5	Útfærsla úrbóta	5

1 Inngangur

Að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur Verkís í samstarfi við Brekke & Strand Akustikk metið hljóðvist í ríffilhúsi Skotfélags Reykjavíkur (SR). Markmiðið er að meta hljóðvist með tilliti til notenda rýmisins en ekki er hér fjallað um hávaða til umhverfisins. Niðurstöður eru hér settar fram í einföldu minnisblaði.

Hvorki Verkís né Brekke & Strand Akustikk hafa áður komið að greiningu hljóðvistar í ríffilhúsi.

2 Lýsing á aðstæðum

Ríffilhúsið er óeinangruð timburbygging á steyptri botnplötu. Veggir og loft að innan eru krossviðsplötur á timbursperrum.

Skotsvæði hússins er skipt upp í þrjú álíka stór rými, með aðstöðu fyrir allt að 6 iðkendur í hverju rými. Hljóðvist var metin í fremsta rýminu sem er 9,6 m langt og 6,0 m breitt, sjá mynd 1 og mynd 2. Þakið er hallandi og meðallofthæð 3,0 m, rúmmál rýmisins er ca. 160 m³. Á rúmlega helming gólfins hafa verið lagðar mjúkar Tartan íþróttamottur. Engin hljóðdeyfing er í lofti eða á veggjum rýmisins. Við skotæfingar eru iðkendur með ríffla á borðum, inni í ríffilhúsi, og skjóta út um lúgur.



Mynd 1 Séð inn eftir ríffilhúsi.



Mynd 2 Ríffilhús

3 Viðmiðunargildi

Hljóðvistarstaðallinn ÍST 45 tilgreinir ekki sérstaklega viðmið fyrir rými til skotæfinga en hér mætti t.d. hafa til hliðsjónar viðmið fyrir iðnaðarrými. Það eru rými þar sem oft má vænta hávaða. Tafla 1 sýnir viðmiðunargildi til ómtíma og hljóðdeyfingar. Samkvæmt byggingarreglugerð eru viðmiðunargildi ÍST 45 í flokki C lágmarkskröfu fyrir nýjar byggingar.

Tafla 1 Hljóðflokkar fyrir iðnað o.fl. Hámarksgildi fyrir ómtíma¹.


Gerð notendasvæðis	Breytistærð	Viðmiðunargildi Flokkur C ¹⁾
Meðal hljóðsogsgildi í rýmum fyrir iðnað, verslanir, rannsóknarbyggingar o.þ.h.	$\bar{\alpha}$	0,20
Hámarksgildi fyrir ómtíma í rýmum fyrir iðnað, verslanir, rannsóknarbyggingar o.þ.h. að teknu tilliti til hæðar rýmisins	T_h [s]	$0,20 \times h$

Miðað við lofthæð 3,0 m er æskilegt viðmið fyrir ómtíma $T_h = 0,2 \times 3,0 = \underline{0,6 \text{ s}}$ í rými til skoðunar.

4 Mælingar og úrbætur

Mældur ómtími og ráðlögð viðmiðunargildi eru sýnd á mynd 3. Þar sést að ómtími rýmisins er töluvert yfir æskilegum gildum. Hér er því þörf á að auka hljóðdeyfingu rýmisins ef uppfylla á viðmiðunargildin.

Hljóðsogsfloður sem er af stærðargráðunni 20-30 m² ætti að uppfylla viðmiðunargildin². Miðað er við hljóðsogsefni í hljóðsogsflokki A.



Mynd 3 Mældur ómtími og æskilegt viðmiðunargildi.

¹ Ómtími við áttundarbilið 125 Hz má fara allt að 20% yfir viðmiðunargildin í töflunum.

² Byggt á mælingum og einföldum útreikningum með reikniaðferð Sabine.

5 Útfærsla úrbóta

Þar sem ríffilhús er óeinangrað er líklega varasamt að klæða loft og/eða útveggi með stein- eða glerullarplötum vegna mögulegrar rakapéttingar. Slíkar útfærslur þyrftu a.m.k. að vera metnar m.t.t. byggingareðlisfræði. Eftirfarandi eru því útfærslur með fríhangandi hljóðdeyfiflötum sem hafa ekki áhrif á varmaeinangrun eða rakapéttingu:

Lóðréttir hljóðbafflar. Slíkir bafflar fást t.d. hjá flestum framleiðendum kerfislofta (s.s. Ecophon, Rockfon o.fl.). Einnig framleiðir Steinullarverksmiðjan hljóðdumba sem eru innþökkuð steinull.

Fríhangandi hljóðflekar. Hljóðísogsplötur eru fánlegar í stórum einingum sem hengdar eru upp með einföldum hætti með vírum. Dæmi um vörur er Rockfon Eclipse og Ecophon Solo.

Opinn hljóðísogsflötur. Hefðbundnar hljóðísogsplötur settar undir þaksperrur en með góðri loftun á milli platna þannig að ekki myndist varmaeinangrun. Til dæmis kerfisloft með ísogsplötum í öðrum hverjum reit (líkt og skákbörð), eða plötur festar beint undir sperrur.

Hluta hljóðísogsflatar mætti einnig setja á milliveggi ríffilhúss.

Reynist möguleg varmaeinangrun og rakapétting ekki fyrirstaða þá mætti koma fyrir hljóðísogsflötum með hefðbundnum lausnum s.s. klæðningu beint undir þak eða á útveggi. Til dæmis með 50-100 mm steinull með áföstum trefjadúk.

Æskilegt er að útfæra hljóðdeyfingu í samráði við hljóðráðgjafa.

SKÝRSLA

Skotæfingasvæði Skotfélags Reykjavíkur

Hljóðmælingar

Verkkaupi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar v/ Ámundi V. Brynjólfsson

Samantekt:

Gerðar voru mælingar á skothávaða frá Skotæfingasvæði Skotfélags Reykjavíkur, SR. Framkvæmd mælinga byggir á sænskri mæliaðferð, „Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor“. Skothávaði var mældur við Móavík, Hvamm og Skriðu/Stekk, í 1-2 km fjarlægð frá skotvelli.

Helstu niðurstöður mælinga eru eftirfarandi:

- Hljóðstig mælist hæst frá haglabyssu við Móavík 69,9 dB. Við Hvamm og Skriðu/Stekk mælist hávaði frá haglabyssu 51,3 og 49,2 dB.
- Skothávaði frá riffli mælist hæst 52,3 dB í Móavík.
- Allar mælingar eru innan viðmiða samkvæmt sænskum reglum (m.v. notkunartíma 07-22 virka daga og 09-19 helgar og frídaga).

Verkefnanr:	73105-35	Verkís verknr.: 24168001
Skjal nr:	AKU - 01	
Útgáfa:	0	
Útgáfudags.:	29. október 2025	
Verkefnisstjóri:	Halldór K Júlíusson	
Höfundur:	Halldór K Júlíusson	
Rýni:	Kristjana Erna Pálsdóttir/Verkís	

Útg.	Höfundur		Rýni		Aths.
	Nr:	Nafn:	Dags (eigin rýni)	Nafn	Dags.
0		Halldór K Júlíusson	21.10.2025	Kristjana Erna Pálsdóttir / Verkís	27.10.2025
					Skjal uppfært eftir rýni

IT arkiv: AKU-01 R 251029 Skotæfingasvæði, mælingar.docx

Efnisyfirlit:

1	Inngangur	3
2	Lýsing	3
3	Starfsleyfi/bráðabirgðaheimild	4
4	Viðmiðunarmörk	4
4.1	Reglugerð um hávaða	4
4.2	Sænskar reglur - Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor	5
5	Mælingar	5
5.1	Mælingar frá haglabyssuvelli	6
5.2	Mælingar frá ríffilhúsi	6
6	Umfjöllun	7
6.1	Mótvægisáðgerðir	7
6.1.1	Hljóðmanir og skermar	7
6.1.2	Lækkaðir vellir	7
6.1.3	Skotstefna	7
6.1.4	Yfirbyggt svæði	7
6.1.5	Takmarkanir á notkun	8
7	Viðauki – Mælitæki	9
8	Viðauki - Veðurmælingar	9
9	Viðauki – Upplýsingar um skotvopn	9
10	Viðauki – Staðsetningar, fjarlægðir og hæðarprófill	10
11	Viðauki – Mæligildi	13


1 Inngangur

Að beiðni Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur Verkís í samstarfi við Brekke & Strand Akustikk gert mælingar á skothávaða frá æfingasvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR).

Hvorki Verkís né Brekke & Strand Akustikk hafa áður komið að greiningu á skothávaða frá svæðinu.

2 Lýsing

Skotæfingasvæði SR er á norðanverðu Álfsnesi. Nálægustu íbúðarhús til norðurs- og norðvesturs, norðan Kollafjarðar, eru í ca. 1-2 km. fjarlægð frá skotvöllum, sjá mynd 1 og í viðauka.



Mynd 1 Staðsetning skotsvæðis og mælistaða (<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>).

3 Starfsleyfi/bráðabirgðaheimild

Gildandi bráðabirgðaheimild¹ Umhverfis- og orkustofnunnar vísar til skilyrða eldri bráðabirgðaheimildar þar sem m.a. kemur fram að²:

...

7. Starfsemi skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða. Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skal framkvæma vöktunarmælingar á hávaða frá starfseminni og getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.

8. Nota skal hljóðdeyfa í ríffilskotfimi þegar því verður viðkomið.

9. Eftir því sem reglur í keppnisskotfimi leyfa skal haga skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði.

10. Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

10.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.

10.2 Heimilt er að halda skotkeppnir tvisvar sinnum á gildistíma bráðabirgðaheimildar með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og sunnudögum. Ef mót er haldið á sunnudegi skal starfsemin vera lokuð næsta mánudag. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.

10.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.

4 Viðmiðunarmörk

4.1 Reglugerð um hávaða

Samkvæmt bráðabirgðaheimild skal starfsemin vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða (nr. 724/2008). Hávaðareglugerðin er frá 2008 en tilgreinir ekki sérstaklega viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá skotsvæðum. Í reglugerðinni eru mörk fyrir hávaða utanhúss frá atvinnustarfsemi gefin upp sem jafngildishljóðstig. Það er hávaðavísir sem mælir meðaltal yfir mælitímann og hæfir ekki fyrir mat á skothávaða.

Við úrvinnslu mæliniðurstaðna í þessari skýrslu er, að ósk verkkaupa, horft til sænskra viðmiðunargilda sem gilda fyrir samsvarandi aðstæður, sjá kafla 4.2. Það eru sömu viðmið og koma fram í fyrirliggjandi drögum um breytingu á reglugerð um hávaða sem hafa þó ekki enn tekið gildi.

¹ <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/bradabirgdaheimildir>

² Ákvörðun um framlengingu bráðabirgðaheimildar - Skotfélag Reykjavíkur, 3. janúar 2025, UST202412-198/K.B.B

4.2 Sænskar reglur - Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor

Í Svíþjóð gefur Naturvårdsverket út almenn viðmið³ fyrir hávaða frá skotvöllum. Sjá í eftirfarandi töflu:

Tafla 1 Viðmiðunargildi Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor.

Svæði	Virkir dagar Dagur og kvöld kl. 07–22 dBAI	Helgar og frídagar Dagur kl. 09–19 dBAI	Helgar og frídagar Kvöld kl. 19–22 dBAI	Nótt ²⁾ Nótt fyrir virkan dag kl. 22–07 og fyrir frídaga kl. 22–09 dBAI
Íbúðarhúsnæði og frístundahús				
„Nýir vellir eða umtalsverð breyting á eldri völlum“	65–70	65–70	60–65	55–60
„Vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt rekstri umtalsvert“	65–75	65–75	60–70	55–65
„Vellir byggðir fyrir 1982 sem valda óverulegri truflun“	65–80	65–80	60–75	55–65

2) Á eingöngu við heræfingasvæði. Að nóttu ættu aðrar skotæfingar ekki að eiga sér stað.

Reglurnar tóku fyrst gildi árið 1982 í Svíþjóð og því eru mismunandi viðmið fyrir velli sem teknir voru í notkun fyrir og eftir 1982. Á Íslandi hafa ekki verið í gildi sérstök viðmið fyrir skotvelli og því eru mæliniðurstöður í þessari skýrslu bornar saman við kröfur fyrir velli byggða fyrir 1982. Í drögum að breytingu reglugerð um hávaða verða þessi sömu viðmið notuð fyrir velli byggða fyrir 2025 (áður en reglugerðin tekur gildi).

5 Mælingar

Mælingar á hávaða frá skotæfingasvæði voru gerðar miðvikudaginn 20. ágúst 2025 á tímabilinu kl. 09 - 12. Við mælingar var veður heiðskirt og þurrt, hiti 12-14° og vindur <2 m/s, sjá nánar töflu í viðauka með gögnum úr sjálfvirkri veðurstöð.

Mælingar voru gerðar fyrir þrenns konar æfingar: haglabyssuskot á leirdúfuveli, riffilskot án hljóðdeyfis í riffilhúsi, riffilskot með hljóðdeyfis í riffilhúsi. Samtímis var mælt við 3 byggingar í 1-2 km fjarlægð frá skotsvæði.

Framkvæmd mælinga byggir á aðferð lýst í sænskum leiðbeiningum:

- 1) Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor, NFS 2005:15

Á hverjum stað voru mældir 20 skothvellir. Samkvæmt mæliaðferðinni eru 5 háværustu og 5 lágværustu hvellunum sleppt í úrvinnslu en meðaltal tekið af þeim 10 sem eftir standa. Af þessum 10 hvellum ætti munurinn á hæsta og lægsta hveli að vera minna en 6 dB samkvæmt leiðbeiningum. Hljóðmælar voru kvarðaðir fyrir og eftir mælingar. Mælt er L_{AI} sem er A-vegið augnabliksgildi (impulse) og er frísviðsgildi.

³ Naturvårdsverkets författningssamling, Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor [till 2 kap. och 26 kap. 19 § miljöbalken], NFS 2005:15, 14. december 2005.

Bakgrunnshávaði var mældur á hverjum stað, sem jafngildishljóðstig, L_{Aeq} . Þegar bakgrunnshávaði er a.m.k. 10 dB lægri en mældur skothávaði þá hefur hann ekki áhrif á mæliniðurstöðu skothávaða. Mældur skothávaði er ekki leiðréttur fyrir bakgrunnshávaða.

Í leiðbeiningum NFS 2005:15 kemur fram að gera skuli grein fyrir mælióvissu. Í töflum í viðauka koma fram staðalfrávik mælinga.

5.1 Mælingar frá haglabyssuvelli

Tafla 2 sýnir samantekt mælinga með haglabyssu, sjá einnig dreifingu einstakra skota í kafla 11 í viðauka.

Tafla 2 Mæliniðurstöður með haglabyssu.

Staður	Haglabyssu L_{AI} (dB)	Bakgrunnshávaði ⁴ L_{Aeq} (dB)	Viðmið ¹⁾	Aths.
Móavík	69,9	39	65-75	Innan marka viðmiða.
Hvammur	51,3 ⁵	43	65-75	Innan marka viðmiða. Sjá umfjöllun um bakgrunnshávaða í 2.mgr. kafla 6.
Skriða/Stekkur	49,2 ⁵	41	65-75	Innan marka viðmiða. Sjá umfjöllun um bakgrunnshávaða í 2.mgr. kafla 6.

1)Viðmiðunarmörk virka daga kl. 07-22, og um helgar og frídaga kl. 09-19

5.2 Mælingar frá ríffilhúsi

Tafla 3 sýnir samantekt mæliniðurstöðna með ríffli, með og án hljóðdeyfis. Sjá einnig dreifingu einstakra skota í kafla 11 í viðauka.

Tafla 3 Mæliniðurstöður

Staður	Ríffill L_{AI} (dB)	Ríffill með hljóðdeyfi L_{AI} (dB)	Bakgrunnshávaði ⁴⁾ L_{Aeq} (dB)	Viðmið ²⁾	Aths.
Móavík	52,3	44,0 ⁵	39	65-75	Innan marka viðmiða. Sjá umfjöllun um bakgrunnshávað í 2.mgr. kafla 6.
Hvammur	45,7 ⁵	41,2 ⁵	43	65-75	Innan marka viðmiða. Sjá umfjöllun um bakgrunnshávað í 2.mgr. kafla 6.
Skriða/Stekkur	41,7 ⁵	41,1 ⁵	41	65-75	Innan marka viðmiða. Sjá umfjöllun um bakgrunnshávað í 2.mgr. kafla 6.

2)Viðmiðunarmörk virka daga kl. 07-22, og um helgar og frídaga kl. 09-19

⁴ Mælitími bakgrunnshávaða var; Móavík 18 mín, Hvammur 10 mín, Skriða/Stekkur 11 mín.

⁵ Mældur skothávaði er minna en 10 dB yfir bakgrunnshávaða sem hefur áhrif á mæliniðurstöðu.

6 Umfjöllun

Mældir skothvellir við Móavík, Hvamm, og Skriðu/Stekk uppfylla sænsk viðmið fyrir skotæfingasvæði.

Allir mældir skothvellir við Hvamm og Skriðu/Stekk eru minna en 10 dB yfir bakgrunnshávaða. Þegar lítill munur er á mældum skothávaða og bakgrunnshávaða verður mæliniðurstaða skothávaða hærri en ef mælt væri við hljóðari aðstæður. Bakgrunnshávaði hefur þannig áhrif á niðurstöðuna, ef bakgrunnshávaði væri lægri þá gæti skothávaði einnig mælst lægri. Þetta á einungis við um skothvelli sem eru minna en 10 dB yfir bakgrunnshávaða.

Mælingar með hljóðdeyfi á riffli voru vart heyranlegar við Hvamm og Skriðu/Stekk.

Spönn⁶ hljóðmælinga⁷ við Skriðu/Stekk með haglabyssu er 6,2 dB sem er 0,2 dB yfir viðmiðum mæliaðferðarinnar um 6 dB hámarks spönn. Breytileiki mælinga er því lítillega yfir viðmiðum aðferðarinnar og mælióvissan aðeins meiri.

Í mikilli fjarlægð frá skotstað hafa aðstæður í andrúmsloftinu töluverð áhrif á hljóðstig á móttökustað s.s. vegna vinds, hitastiguls o.fl. Þannig geta verið meiri breytingar á hljóðstigi þar samanborið við mælingar nær hljóðgjafa.

6.1 Mótægisaðgerðir

Ýmsar leiðir eru mögulegar til að draga úr hávaða frá skotsvæðum. Hér er á eftir koma nokkrar ábendingar um aðgerðir sem eiga við um skotsvæði almennt. Þær eru settar fram sem hugmyndir án þess að raunhæfi þeirra á svæði SR hafi verið metinn. Æskilegt er að gera ítarlegri greiningu á valkostunum, virkni þeirra og áhrifum áður en til mögulegra framkvæmda kemur.

6.1.1 Hljóðmanir og skermar

Hljóðmanir og skermar geta gefið dregið úr hávaða í þá stefnu sem mön/skermur er staðsett. Mest virkni fæst þegar mön/skermur er sem næst skotstað. Ef fjarlægðin er of mikil fæst engin virkni af aðgerðinni. Fyrir aukna virkni getur verið heppilegt að staðsetja hljóðskerm ofan á mön.

6.1.2 Lækkaðir vellir

Með skotsvæði sem liggur lægra en nærliggjandi landslag aukast áhrif dæmpunar frá yfirborði þannig að hljóðstig í fjarsviði lækkar.

6.1.3 Skotstefna

Skothávaði er stefnuvirkur og mestur hávaðinn beint fram. Þó nokkur deyfing er til hliðanna og aftur. Með því að snúa stefnu skotsvæðis gæti dregið töluvert úr hávaða hjá nágrönnum.

6.1.4 Yfirbyggt svæði

Með skothúsi fæst mikil deyfing í allar áttir nema skotstefnu. Skothús er þó vandasamt að útfæra fyrir haglabyssu þar sem skotið er í margar áttir.

Með stærri mannvirkjum væri hægt að hafa skotvelli innandyrna og með hæfilegri hljóðeinangrun útveggja væri tryggt að hávaði hjá nágrönnum væri innan marka.

⁶ Spönn er mismunur hæsta gildis og lægsta gildis.

⁷ Það er mismunur á hæsta og lægsta gildi.

6.1.5 Takmarkanir á notkun

Tímatakmarkanir

Norsk könnun⁸ hefur sýnt að skothávaði er mest truflandi fyrir nágranna á tímabilinu klukkan 16-20 virka daga þegar mestar líkur er á að nágrannar séu utandyra. Með tímatakörkun á notkun skotsvæða dregur úr möguleikum á truflunum.

Veðurtakmarkanir

Vindátt hefur töluverð áhrif á hljóðútbreiðslu. Ef notkun er stýrt þannig að ekki sé æft þegar meðvindur er frá skotsvæði að íbúðabyggð nágranna er dregið úr hávaða hjá þeim.

Þegar heitt loft liggur hærra í andrúmsloftinu geta hljóðbylgjur endurkastast niður til móttakanda og þannig skapað aðstæður þar sem hávaði er meiri en annars.

⁸ Miljødirektoratet, M-2061, «Veileder om behandling av støy i arealplanlegging»

7 Viðauki – Mælitæki

Eftirfarandi tæki voru notuð við mælingarnar:

Tafla 4 – Tækjalisti

Tæki		Verksmiðjunr.	Dags.kvörðunar
Hljóðmælir	Norsonic Nor140	1403722	2024-01-25
Hljóðmælir	Norsonic Nor140	1402922	2021-09-17
Hljóðmælir	Brüel & Kjær 2250	3003147	2019-02-01

8 Viðauki - Veðurmælingar

Tafla 5 sýnir gögn úr sjálfvirkri veðurstöð Vegagerðarinnar við Kjalarnes á mælitímanum.

Tafla 5 Kjalarnes, gögn úr sjálfvirkri veðurstöð Vegagerðarinnar, þann 20.08.2025.

Tími	Vindátt (°)	Vindátt	Vindhraði (m/s)	Vindhviða (m/s)	Hiti (C°)	Rakastig (%)
9:00	134	SA	0,5	1,9	12,1	80
10:00	153	SSA	0,9	2,1	13,3	75
11:00	223	SV	1,1	2,4	13,6	75
12:00	268	V	1,9	3,1	14,3	73

9 Viðauki – Upplýsingar um skotvopn

Eftirfarandi skotvopn voru notuð við mælingarnar.

Haglabýssa:

Skotvopn: Beretta DT02027W
Skot: J&G-Excopesa, Training Steel, 12/70, 28gr




Rifill:

Skotvopn: SAKO S20, Y10236, CIP CF N 19
Hljóðdeyfir: ASE UTRA AU575-I-BC S series SL7i / cal.30 5/8"x24 UNEF / 02/18 040333
Skot: SAKO, 308 Win, Full Metal Jacket, 8 gr

10 Viðauki – Staðsetningar, fjarlægðir og hæðarprófíll

Tafla 6 sýnir fjarlægð og hæðarprófíll á milli skotsvæðis og mælistaða. Mynd 2 - mynd 6 sýnir skot- og mælistaði.

Tafla 6 Fjarlægð (loftlína) og hæðarprófíll á milli skotæfingasvæðis og mælistaða. Gögn sótt úr Borgarvefsjá.

Staður	Fjarlægð frá skotsvæði (m)	Hæðarprófíll frá skotsvæði
Móavík	1050	
Hvammur	1820	
Skriða/Stekkur	2080	




Mynd 2 Skotvellið fyrir haglabýssur. Við mælingar var skotið á braut 2. (<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>)




Mynd 3 Skotvellið fyrir riffli. Við mælingar var skotið á braut 4. (<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>)



Mynd 4 Móavík. Staðsetning hljóðmælis. (<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>)



Mynd 5 Hvammur. Staðsetning hljóðmælis. (<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>)



Mynd 6 Skriða/Stekkur. Staðsetning hljóðmælis. (<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>)

11 Viðauki – Mæligildi

Tafla 7 Mælingar með haglabyssu.

#	Móavík L_{Aeq} (dB)		Hvammur L_{Aeq} (dB)		Skriða/Stekkur L_{Aeq} (dB)
1	73,5		57,9		63,2
2	72,5		54,9		58,0
3	72,5		53,5		56,3
4	72,4		53,1		55,6
5	71,9		52,9		53,1
6	71,9		52,6		52,6
7	71,5		52,0		51,2
8	70,6		52,0		50,5
9	70,2		51,4		50,3
10	70,1		51,3		49,0
11	69,4		51,0		48,9
12	69,3		51,0		48,8
13	68,9		50,8		47,7
14	68,9		50,5		46,5
15	68,4		50,3		46,4
16	68,3		49,8		46,1
17	68,3		49,2		46,0
18	67,8		49,1		45,5
19	67,4		47,8		45,5
20	67,2		47,4		44,9
L_{Aeq}	69,9		51,3		49,2
Mism. Max-Min	3,4		2,3		6,2
StdDev	1,1		0,7		2,0

Tafla 8 Mælingar með riffli án hljóðdeyfis.

#	Móavík L _{Aleq} (dB)		Hvammur L _{Aleq} (dB)		Skriða/Stekkur L _{Aleq} (dB)
1	62,6		52,3		44,5
2	57,7		49,2		44,3
3	56,2		48,7		43,9
4	54,9		48,4		43,4
5	53,9		48,3		42,8
6	53,7		47,9		42,4
7	53,4		47,7		42
8	52,8		47,0		41,9
9	52,3		46,3		41,8
10	52,2		45,5		41,2
11	51,8		45,4		40,7
12	51,8		45,3		40,6
13	51,8		45,1		40,4
14	51,5		43,5		39,8
15	51,4		43,4		39,8
16	51,3		43,3		39,5
17	50,9		43,2		39,3
18	50,3		42,2		38,7
19	50,1		41,4		38,4
20	49,8		40,8		37,9
L_{Aleq}	52,3		45,7		41,1
Mism. Max-Min	2,3		4,5		2,6
StdDev	0,8		1,5		0,9

Tafla 9 Mælingar með riffli með hljóðdeyfi.

#	Móavík L _{Aleq} (dB)	Hvammur L _{Aleq} (dB)	Skriða/Stekkur L _{Aleq} (dB)
1	48,1	46,5	49,3
2	47,8	45,1	48,7
3	47,4	44,6	47,2
4	46,8	44,3	46,2
5	46,6	43,2	45,3
6	46,6	42,7	43,9
7	44,4	42,1	43,2
8	43,7	42,0	41,4
9	43,7	41,8	41
10	43,4	41,2	40,9
11	43,3	41,0	40,9
12	43,2	40,9	40,7
13	43,2	38,7	40,3
14	42,2	38,6	39,7
15	41,7	38,6	39,6
16	41,3	38,1	39,1
17	41,3	37,9	38,7
18	41,2	37,2	38,6
19	40,4	36,6	37,9
20	39,9	35,9	37,5
L_{Aleq}	44,0	41,2	41,7
Mism. Max-Min	4,4	4,6	5,6
StdDev	1,5	1,5	1,8